

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar
b.t. Kjartan Már Kjartansson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ
Ministry of Finance and Economic Affairs

Arnarhvoli 101 Reykjavík Iceland
tel.: + (354) 545 9200 fax: (354) 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík, 16. desember 2019

Efni: Beiðni um tilnefningu í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Vísað er til samkomulags milli ríkisins, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Isavia ohf. um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar sem undirritað var þann 16. desember 2019. Í samkomulaginu er kveðið á um að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. (Kadeco), sem er að fullu í eigu ríkissjóðs, verði formlegur samstarfsvettvangur aðila og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hlutafé þess.

Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að stjórn félagsins skuli skipuð fimm einstaklingum og einum til vara og leitað skuli samráðs við aðila samkomulagsins um skipan stjórnar og að hver aðili samkomulagsins leggi fram tillögu að fulltrúa í stjórn félagsins. Aðilar eru sammála um að stjórn félagsins skuli skipuð hæfum einstaklingum sem njóta trausts allra aðila og hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á viðfangsefnum félagsins sem tekur meðal annars til stjórnarhátta, skipulags- og þróunarmála, fjármála og markaðssetningar. Þá skal eigandastefna ríkisins höfð til hliðsjónar við val á stjórnarmönnum.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 þar sem m.a. kemur fram að við tilnefningu í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Þá skulu stjórnarmenn að lágmarki uppfylla hæfisskilyrði 66. gr. laga um hlutafélög og skal einnig horft til þess við tilnefningar að ekki verði hætta á hagsmunaárekstrum einstaklinga í stjórn, s.s. vegna annarra starfa, fjárhags- eða skyldleikatengsla.

Ráðherra mun velja úr tilnefningum, svo kynjaskipting sé sem jöfnust og að þekking, hæfni og reynsla stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins, og leggja fram endanlega tillögu um stjórnarmenn og varamann fyrir hluthafafund sem halda á þann 8. janúar.

Þess er hér með óskað að Reykjanesbær tilnefni 2 fulltrúa, einn af hvoru kyni ásamt ferilskrá, sem berast þarf ráðuneytinu eigi síðar en þann 3. janúar 2020.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra

Jón Gunnar Vilhelmsson

Hrafn Hlynsson